

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. 748. mál**

Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 2. maí sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið (RÚV), fjölmiðil í almannabágu, 748. mál. Samtökin hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps til laga og vilja fá að koma á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd eftirfarandi athugasemdum.

Samtökin vekja athygli á þeirri stöðu RÚV á samkeppnismarkaði að hafa til ráðstöfunar auk auglýsingatekna sérstakan skattstofn sem skv. fjárlögum 2012 er talinn skila 4,1 milljarði króna tekjum, þar af fara 3,1 milljarður til RÚV. Samtökin leggja áherslu á að í lögum um RÚV sé tryggt eðlilegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. Því þarf að tryggja með skýrri lagasetningu að RÚV geti ekki niðurgreitt sína samkeppnisstarfsemi með skattfé. Jafnframt þarf atvinnulífið að hafa greiðan aðgang að viðskiptavinum sínum í gegnum RÚV sem hefur það meginhlutverk að veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

ESA hefur um langt skeið gert athugasemdir við stöðu RÚV á íslenskum fjölmiðlamarkaði og þrýst á um að íslensk stjórnvöld aðgreini skýrar en nú er í lögum almannaðjónustuhlutverk RÚV frá samkeppnisrekstri þess og skilgreini þannig að óbyggjandi sé almannaðjónustuhlutverk RÚV. Í II. kafla frumvarpsins er kveðið á um hlutverk og skyldur RÚV og hafa ákvæði þessi verið útfærð nánar frá því sem segir í núgildandi II. kafla laga um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007. Samtökin telja þó að í 3. gr. frumvarpsins sé almannaðjónustuhlutverk RÚV skilgreint alltof vítt auk þess sem mörg ákvæði eru verulega matskennd og háð huglægu mati. Gengur slíkt gegn kröfum sem gerðar eru til vandaðrar lagasetningar um að lög skulu vera skýr og ótvíræð. Auk þess sniðgengur óskýrleikinn í reynd áður nefnd tilmæli ESA. Fullkominn aðskilnaður í bókhalda verður ekki að raun nema ríkisstyrkti hluti rekstrarins, þ.e. almannaðjónustuhlutverkið, verði betur skilgreint en gert er í frumvarpinu.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um viðskiptaboð. Í 3. mgr. 7. gr. er kveðið á um hámarkshlutfall auglýsinga og fjarkaupainnskota innan hveftrar klukkustundar og mega slík boð ekki fara yfir 8 mínútur á klukkustund. Hér er því um að ræða þriðjungs takmörkun frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 2. mgr. 41. gr. fjölmiðlalaga, nr. 38/2011, þar sem kveðið er á um 12 mínútna hámark á hverri klukkustund. Í reynd er þessi takmörkun ekki jafn mikil þar sem að nýlegar mælingar sýna að einungis í undantekningartilvikum hefur auglýsingatími RÚV náð 12 mínútum á klst. Ástæða væri því fyrir þingnefndina að afla upplýsinga um meðalnýtingu auglýsingatíma hjá RÚV. Samtökin gagnrýna ekki sérstaklega að umrætt hámarkshlutfall verði sett á auglýsingar hjá RÚV. Hins vegar er það mat samtakanna að í samræmi við kröfur til vandaðra vinnubragða við samningu lagafrumvarpa sé ávallt gætt að rökstuðningi og sér í lagi ef um er að ræða frávik frá meginreglum líkt og hér um ræðir.

Með þriðjungs takmörkun á hámarkshlutfalli auglýsinga telja samtökin að stigið sé skref í þá átt að setta ólík sjónarmið um stöðu RÚV að auglýsingamarkaði. Þeirri sátt verður þó ekki náð nema að jafnframt verði sett hámark á auglýsingatíma í útvarpi, þar sem samkeppnisforskot RÚV við einkaaðila er ekki síður í útvarpi. Samtökin leggja því til að slík hámark verði sett og verði ekki hærrí en svo að það tryggi eðlilega samkeppni RÚV við einkarekna miðla.

Þá leggja samtökin til að tekið verði inn í lögum um RÚV að kostun dagskrárþátta verði óheimil. Slíkt ákvæði er eðlilegt annars vegar í ljósi þeirra skatttekna sem RÚV hefur til að sinna hlutverki sínu í almannaþágu og eins að með kostun er verið að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi. Sambland kostana og auglýsingakaupa gerir verðlagningu RÚV ógegnsæja og dregur úr áhrifum gjaldskrár og takmarkana á auglýsingar. Þá er óeðlilegt að einstakir aðilar, fyrirtæki eða samtök geti með þessum hætti komið að efni sem ella kæmist ekki á dagskrá.

Í V. kafla frumvarpsins er kveðið á um eftirlit, mat og viðurlög samkvæmt frumvarpinu. Segir m.a. í 1. mgr. 15. gr. að fjölmiðlanefnd skuli árlega leggja sjálfstætt mat á hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt samkvæmt 3. gr. frumvarpsins. Hlutverk og starfssvið fjölmiðlanefndar fer samkvæmt ákvæðum fjölmiðlalaga. Þær tillögur sem fram koma í 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins kalla á breytingar á ákvæðum fjölmiðlalaga um starfssvið nefndarinnar. En tillögur um þetta er ekki að finna í frumvarpinu. Þá kann einnig að vera ástæða til að samræma skýrslugjöf sem kveðið er á um í frumvarpinu við ákvæði 23. gr. fjölmiðlalaga.

Þá er verulegum vafa undirorpið hvort heimilt sé að fela fjölmiðlanefnd eftirlit byggðu á ársreikningum, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr., sem lögum samkvæmt er á forræði Ríkisendurskoðunar, sbr. 1. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997. Rétt er að Ríkisendurskoðun annist þessa endurskoðun almennt en sé ekki kölluð inn til aðstoðar hverju sinni og að virt séu að fullu valdmörk stjórnsvalda.

Í 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um nýjung þar sem RÚV er veitt svigrúm til að þróa og aðlaga svokallaða nýja fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu, sem „telst vera sú þjónusta sem er í grundvallaratriðum ólík þeirri þjónustu sem RÚV veitir skv. 3. gr.“. Jafnframt að RÚV sé heimilt að setja á fót slíka nýja fjölmiðlaþjónustu til reynslu í allt að 24 mánuði án sérstakrar heimildar. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að slík þjónusta „getur t.d. verið ný rás, sem væri m.a. notuð til að sýna efni frá íþróttaviðburðum.“ Hér er skýrt dæmi um að með óljósu orðalagi á skilgreiningu á fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu, sbr. 3. gr. frumvarpsins, getur RÚV túlkað orðalag afar vítt sem kann að veikja stöðu samkeppnisaðila á einkamarkaði. Samtökin ítreka því mikilvægi þess að ákvæði 3. gr. frumvarpsins verði afmörkuð nánar og skýrd þannig að mælanlegt sé fyrir eftirlitsaðila hvort fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu sé í reynd innan þeirra marka. Með þessu er RÚV gefinn nánast alveg laus taumur á samkeppnismarkaði þar sem engin ástæða er fyrir ríkisvaldið að hasla sér frekari völl en þegar er.

Af frumvarpinu má ráða að því er ætlað að koma á nýju fyrirkomulagi varðandi starfsemi og rekstur RÚV. Gagnrýnivert er að ákvæði frumvarpsins eru að mörgu leyti háð huglægu mati og í framkvæmd undirorpin matskenndum ákvörðunum hverju sinni.

Mikilvægt er eftir sem áður að tryggja ábyrga starfsemi RÚV en eftir sem áður verða allar takmarkanir á starfsemi þess að byggjast af málefnalegum sjónarmiðum, raunhæfum og mælanlegum markmiðum sem og virðingu fyrir öðrum sérlögum.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka verslunar og þjónustu